

Mánudaginn hinn 11. júnímánaðar.

Nr. 23/1906:

Réttvísinn

gegn

Árna Björnssyni Ólafssyni og  
Axel Ketilssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 17. jan. þ. á., í máli, sem af réttvísinnar hálfu var höfðað gegn Árna Björnssyni Ólafssyni og Axel Ketilssyni út af voðaskoti, er mannsbani hlaut af, var hinn fyrnefndi sýknaður en hinn síðarnefndi dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 5 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefir stjórnarráð Íslands áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu 12. marz síðastl.

Atvik málsins eru samkvæmt eigin játningu hinna ákærðu, sem styðst við aðrar skýrslur, sem fengnar eru í málinu, þessi:

Hinn 21. sept. f. á. tók ákærði Axel Ketilsson í óleyfi afturhleðslubyssu, sem hékk í geymsluherbergi innar af sölubúð Leonhard Tang & Söns verzlunar á Ísafirði og sem einn af samverzlunarþjónum hans átti og fór með byssuna út til þess að reyna að skjóta fugl, og lét hann hlaðið skothylki í hana; hann hitti þó engan fugl og fór svo heim aftur með byssuna og setti hana, eftir að hafa látið bóginn í hálfspennu, við glerskurðarborð í umgetnu geymsluherbergi innar af sölubúðinni; spurði meðákærði hann þá að, hvort hann hefði komist

í skotfæri, en Axel kvað nei við. Þetta var snemma dags. Að vísu reyndi Axel að ná skothylkinu úr byssunni, en af því að það hafði þrútnað, tókst honum ekki að ná því úr henni og skildi hann þannig við hana, án þess að segja nokkrum frá því að byssan væri hlaðin. Seinna sama dag kom unglingsmaður, Benoní nokkur Magnússon, inn í búðina og fór þess á leit við meðákærða Árna Björnsson Ólafsson, að hann gæfi sér bjór fyrir viðvik, er hann hafði gjört fyrir verzlunarstjóra Tangsverzlunar; gaf Árni lítið út á það og gekk inn í geymsluherbergið innar af sölubúðinni. Benoní vatt sér þá inn yfir búðarborðið og fór á eftir Árna inn í geymsluherbergið; þar tók hann hina umgetnu byssu og handlék hana og vildi spenna bóginn upp í alspennu, en tókst það ekki, af því að hann þekti ekki umbúninginn; beiddi hann þá Árna að sýna sér aðferðina; tók Árni þá við byssunni til þess að spenna upp bóginn, en í sama veffangi hljóp skotið úr byssunni í auga Benonis, er stóð beint fyrir framan byssuhlaupið, og út um hnakkann og varð það bráður bani hans.

Hinn ákærði Árni Bj. Ólafsson hefir fastlega haldið því fram, að hann hafi ekki rent minsta grun í að skot væri í byssunni, bæði af því að byssan endranær aldrei hafði verið í herberginu með skoti í, og í annan stað vegna þess, að meðákærði Axel gat ekki um það, hvorki við hann né aðra, að skot væri í byssunni. Með tilliti til þessa framburðar ákærða Árna, sem ekki verður hnekt, virðist ekki vera næg ástæða till að skoða atferli hans sem vítavert gáleysi, og verður því fyrir hans leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

En að því kemur til ákærða Axels Ketilssonar, þá



virðist það, að hann gekk frá byssunni hlaðinni, þótt honum hefði verið innanhandar að hleypa skotinu úr henni, og að hann ekki gerði neinum aðvart um að byssan væri hlaðin, vera svo vítavert gáleysi, að hann, sem ekki var fullra 18 ára, ekki kemst hjá hegningu samkvæmt 200. gr. alm. hegningarl., sbr. við 38. gr. sömu laga, og virðist hegningin hæfilega metin af undirdómaranum 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 5 daga einfalt fangelsi. Svo virðist hann og eiga að greiða málskostnað allan í héraði að hálfu, en að hálfu greiðist hann af almannafé. Þá ber honum og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins að hálfu, þar með talin málflytningslaun til hins skipaða sóknara og verjanda, 10 kr. til hvors þeirra, en helmingur áfrýjunarkostnaðarins greiðist af almannafé.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði Árni Björnsson Ólafsson á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu. Ákærði Axel Ketilsson greiði 20 kr. sekt í landssjóð, eða sæti 5 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki öll greidd í ákveðinn tíma. Svo greiði hann og allan málskostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi að helmingi, þar með talin málflytningslaun til hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Guðmundar Eggerz og Odds Gísla-

sonar, 10 kr. til hvors þeirra, en helmingur kostnaðar þessa greiðist af almannafé.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og dóminum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 9. júlímánaðar.

Nr. 21/1906:

Pétur Þórðarson

gegn

Guðmundi B. Scheving héraðslækni.

#### Úrskurður:

Í máli þessu, sem höfðað var í héraði af stefnda, héraðslækni í Strandahéraði Guðm. B. Scheving fyrir meiðyrði, er hann áleit sig hafa orðið fyrir af áfrýjandnum, Pétri Þórðarsyni, — en málinu lyktaði svo fyrir aukarétti Strandasýslu 26. desbr. f. á., að áfrýjandinn var dæmdur í sekt fyrir meiðyrðin og málskostnað — hefir áfrýjandinn fyrir yfirdóminum, eftir að stefndi hafði svarað sókn hans, beiðst 3 mánaða frests til vitnaleiðslu í Stranda- og Ísafjarðarsýslum. Af stefnda hálfu hefir verið mótmælt svo löngum fresti, með því að áfrýjandi hefði átt að afla sér þeirra upplýsinga fyrir undirréttinum, er hann nú vildi fá með vitnaleiðslunni, og var málið af báðum málsaðilum lagt undir úrskurð réttarins.